

# Helstu niðurstöður loftgæðamælinga við Naustabryggju

Anna Rósa Böðvarsdóttir  
Heilbrigðisfulltrúi  
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar /  
Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar

## Efnisyfirlit

Samantekt .....	3
1 Inngangur.....	4
2 Helstu niðurstöður .....	6
3 Umræður .....	8
Viðauki I.....	9
Viðauki II.....	10
Viðauki III .....	11
Viðauki IV .....	13

## Myndir

Mynd 1. Staðsetning farstöðvar Umhverfis- og samgöngusviðs (gulur blettur) við Naustabryggju . Á myndinni má einnig sjá áttir. ....	5
Mynd 2. Farstöðin staðsett á Naustabryggju. Á myndinni má sjá austan megin sanddyngjur sem tilheyra fyrirtækinu Björgun. ....	6
Mynd 3. Sólarhringsmeðaltöl köfnunarefnisdíoxíðs (NO <sub>2</sub> ) við Grensásveg, í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum og við Naustabryggju .....	7
Mynd 4. Sólarhringsmeðaltöl svifryks (PM10) við Grensásveg, í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum og við Naustabryggju. ....	7

## Samantekt

Á tímabilinu 17. ágúst 2007 – 20. september 2007 voru gerðar mælingar á köfnunarefnisdíoxíði (NO<sub>2</sub>) og svifryki PM10, við Naustabryggju. Farstöðin var staðsett ca. 100 metra frá framkvæmdasvæði Björgunar. Styrkur köfnunarefnisdíoxíðs (NO<sub>2</sub>) mældist lágur við Naustabryggju og styrkur svifryks (PM10) mældist að meðaltali lægri við Naustabryggju (sjá Viðauka I, töflu A) en við Grensásveg (sjá Viðauka I, töflu B). Hins vegar mældust alltaf lægstu gildin í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum (FHG) (sjá Viðauka I, tafla C). Helstu niðurstöður mælinga voru eftirfarandi (Sjá nánar Viðauka I, töflur A, B & C):

### Farstöðin:

NO<sub>2</sub> – 1 klst.: Styrkur NO<sub>2</sub> var **aldrei** yfir heilsuverndarmörkum.

NO<sub>2</sub> – klst.: Styrkur efnisins var **aldrei** yfir heilsuverndarmörkum.

PM10 – 24 klst.: Styrkur PM10 var **einu sinni** yfir heilsuverndarmörkum.

Til samanburðar fór **styrkur NO<sub>2</sub> og svifryks (PM10) aldrei yfir heilsuverndarmörk** í föstu mælistöðvunum tveimur **við Grensásveg og í FHG**.

Það eina skipti sem svifryk (PM10) mældist yfir heilsuverndarmörkum (50 µg/m<sup>3</sup>) við Naustabryggju má rekja m.a. til fyrirtækisins Björgunar (sjá Viðauka II, töflu A). Suðvestlægar áttir voru ríkjandi þennan sólarhring (sjá Viðauka IV) og fór vindur allt upp í 10 m/s, en meðalvindhraði yfir daginn var 8,7 m/s við Bústaðaveg (sjá Viðauka III, töflu B). Lítil úrkoma var þennan sólahring. Sama sólarhring mældust einnig toppar á styrk svifryks (PM10) hjá föstu mælistöðvunum tveimur við Grensásveg og í FHG þó ekki færi styrkur svifryks (PM10) þar yfir heilsuverndarmörkin (sjá Mynd 3).

Það er ljóst af niðurstöðum mælinga við Naustabryggju að áhrif umferðar eru ekki eins mikil þar og við Grensásveginn sbr. niðurstöður mælinga á styrk NO<sub>2</sub> (sjá mynd 3 og Viðauka I). En styrkur NO<sub>2</sub> mældist mun lægri við Naustabryggju en við Grensásveg. Hins vegar mældist meðalstyrkur svifryks (PM10) við Naustabryggju nálægt meðalstyrk svifryks (PM10) við Grensásveg, en þar á að mælast mesta mengun í borginni (sjá mynd 4 og Viðauka I). Styrkur svifryks (PM10) mældist hærri við Naustabryggju en við Grensásveg í 10 daga, en mælingartímabilið stóð yfir í 35 daga. Meðaltal vindátta frá Grensásvegi og Bústaðavegi þá daga sem styrkur svifryks (PM10) mældist hærri við Naustabryggju benda til þess að uppspretta svifryks (PM10) sé m.a. frá framkvæmdasvæði Björgunar. Alla þá daga sem styrkurinn var hærri mældist vindur að meðaltali hærri en 2 m/s yfir daginn (sjá Viðauka III, töflu B).

Æskilegt er að mæla aftur við Naustabryggju aftur að sumarlagi, en þá er umferð flutningabíla mikil við Björgun vegna byggingaframkvæmda og að vetrarlagi til að athuga hvort styrkur svifryks (PM10) hækki yfir veturinn. Þar sem gera má ráð fyrir að áhrif umferðar séu ekki mikil á þessu svæði. Einnig er stórt atvinnusvæði í Höfðahverfinu nálægt íbúðarhverfi þar sem svifryk getur borist frá, auk þess sem farstöðin stóð á óbundnu svæði. Hafa ber í huga að árið 2010 má svifryk (PM10) einungis fara 7 sinnum yfir sólarhringsheilsuverndarmörk (rg. 251 / 2002). Jafnframt stefnir Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur að því að rannsaka hversu mikið fallryk<sup>1</sup> fellur niður á jörð við Naustabryggju. Í dag eru til reglur um það í dag hversu mikið

<sup>1</sup> Fallryk er ryk sem sest sjálfkrafa á rakt yfirborð (rg. 817 / 2002).

fallryk má falla á jörð, en styrkur fallryks sem ekki er vatnsleysanlegt skal ekki vera yfir 10 g/m<sup>2</sup> miðað við mánaðarsöfnunartíma (sjá rg. 817 / 2002).

# 1 Inngangur

Á tímabilinu 17. ágúst – 21. september 2007 voru gerðar mælingar á köfnunarefnisdíoxíð ( $\text{NO}_2$ ) og svifryki ( $\text{PM}_{10}$ ) á Naustabryggju vestan megin við fyrirtækið Björgun (sjá mynd 1), ca. 100 metrum frá. Farstöð sem Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar rekur og er notuð til mælinga á áhugaverðum stöðum var komið fyrir á Naustabryggju (sjá mynd 2). Auk farstöðvarinnar rekur Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar tvær fastar mælistöðvar við Grensásveg og í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum<sup>2</sup>. Föstu mælistöðinni við Grensásveg, sem staðsett er stutt frá gatnamótunum við Miklubraut, er ætlað að vakta hæsta styrk mengandi efna sem líklegt er að finnist í Reykjavík og þar sem almenningur er líklegur til að verða fyrir mengun beint eða óbeint. Með hinni mælistöðinni sem staðsett er í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum (FHG) er ætlað að afla gagna um svæði sem eru dæmigerð fyrir loftgæði sem almenningur nýtur.



**Mynd 1.** Staðsetning farstöðvar Umhverfis- og samgöngusviðs (gulur blettur) við Naustabryggju. Á myndinni má einnig sjá áttir.

Í báðum föstu mælistöðvunum eru mældir veðurfarsþættir eins og vindátt og vindhraði. Hins vegar eru engir veðurfarsþættir mældir í farstöðinni, þess vegna er einnig stuðst við mælingar á veðurfarsþáttum eins og vindstefnu frá Veðurstofunni þ.e. frá mælistöðinni við Bústaðavegin í Reykjavík til að fá vísbendingar um hvaðan mengun er að berast.

<sup>2</sup> Umhverfisstofnun tekur þátt í rekstri föstu stöðvanna.




**Mynd 2.** Farstöðin staðsett á Naustabryggju. Á myndinni má sjá vestan megin sanddyngjur sem tilheyra fyrirtækinu Björgun.

## 2 Helstu niðurstöður


Styrkur loftmengandi efna mældist að meðaltali lægri á Naustabryggjunni (sjá Viðauka I, töflu A) en við Grensásveginn (sjá Viðauka I, töflu B), og mældust klukku tíma- og sólarhringsstyrkir  $\text{NO}_2$  jafnframt lægri þar en við Grensásveginn. Hins vegar mældist hæsti sólarhringsstyrkur svifryks (PM10) í farstöðinni við Naustabryggju (sjá Viðauka, töflu A). Alltaf mældust að meðaltali lægstu styrkirnir í FHG (sjá Viðauka I, tafla C).

Styrkur  $\text{NO}_2$  fór aldrei yfir heilsuverndarmörk í öllum mælistöðvunum þremur (sjá mynd 3 og Viðauka I, töflur A, B og C). Hins vegar fór sólarhringsgildi svifryks (PM10) einu sinni yfir sólarhrings heilsuverndarmörk við Naustabryggju, en aldrei í föstu mælistöðvunum við Grensásveg og í FHG.

Meðalstyrkur  $\text{NO}_2$  mældist lár í farstöðinni við Naustabryggju og var ca. helmingi lægri þar en við Grensásveginn (sjá Viðauka I, töflur A og B). Meðalstyrkur svifryks (PM10) við Naustabryggju var aðeins lægri við Naustabryggju en við Grensásveg. Það eina skipti sem svifryk (PM10) fór yfir heilsuverndarmörk, að þá skreið styrkurinn yfir  $50 \mu\text{g}/\text{m}^3$  og mældist  $50,3 \mu\text{g}/\text{m}^3$ . Einnig mældust toppar í styrk svifryks (PM10) í föstu mælistöðvunum við



**Mynd 3.** Sólarhringsmeðaltöl köfnunarefnisdíoxíðs (NO<sub>2</sub>) við Grensásveg (blá lína), í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum (FHG - græn lína) og farstöðin við Naustabryggju (farstöð - bleik lína).



**Mynd 4.** Sólarhringsmeðaltöl svifryks (PM10) við Grensásveg (blá lína), í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum (FHG – græn lína) og við Naustabryggju (farstöð – bleik lína).

Grensásveg og í FHG á sama tíma, en fóru ekki yfir heilsuverndarmörk (sjá mynd 4). Þennan sólarhring voru suðvestlægar áttir ríkjandi, á bilinu 220 – 240 gráður (sjá Viðauka IV) og fór klukkutímameðaltal fyrir vind í mælistöð Veðurstofunnar við Bústaðaveg hæst upp í ca. 10 m/s (sjá Viðauka IV). Meðalvindhraði yfir daginn var 8.4 m/s við Naustabryggju. Lítil úrkoma var yfir daginn.

Styrkur svifryks (PM10) mældist hærri við Naustabryggju en við Grensásveg í 10 daga, en mælingartímabilið stóð yfir í 35 daga. Meðaltal vindátta þá daga sem styrkur svifryks (PM10) mældist hærri við Naustabryggju bendir til þess að uppspretta svifryks (PM10) sé m.a. frá framkvæmdasvæði Björgunar, en meðal vindátt yfir sólarhringinn þá daga var á bilinu ca. 187 – 238 gráður, sem passar miðað við staðsetningu framkvæmdasvæðisins. Þessa daga var alltaf einhver vindur a.m.k. var meðalvindur yfir daginn hærri en 2 m/s (sjá Viðauka III, töflu B). Einhver úrkoma var til staðar nær alla dagana nema 4 daga (sjá Viðauka III).

### 3 Umræður

Styrkur (NO<sub>2</sub>) fór aldrei yfir heilsuverndarmörk. Hins vegar fór styrkur svifryks (PM10) einu sinni yfir heilsuverndarmörkin (50 µg/m<sup>3</sup>) við Naustabryggju sem má rekja m.a. til fyrirtækisins Björgunar. Suðvestlægar áttir voru ríkjandi þennan sólarhring og fór vindur allt upp í 10 m/s, en meðalvindhraði yfir daginn fór upp í 8,7 m/s. Lítil úrkoma var þennan sólarhring. Einnig kom toppur á styrk svifryks (PM10) hjá föstu mælistöðvunum tveimur við Grensásveg og í FHG þó ekki færi styrkur svifryks (PM10) yfir heilsuverndarmörkin.

Það er ljóst af niðurstöðum mælinga við Naustabryggju að áhrif umferðar eru ekki eins mikil þar og við Grensásveginn sbr. niðurstöður mælinga á styrk NO<sub>2</sub> (sjá mynd 3 og Viðauka I). En styrkur NO<sub>2</sub> mældist mun lægri við Naustabryggju en við Grensásveg. Hins vegar mældist meðalstyrkur svifryks (PM10) við Naustabryggju nálægt meðalstyrk svifryks (PM10) við Grensásveg, en þar á að mælast mesta mengun í borginni (sjá mynd 4 og Viðauka I). Styrkur svifryks (PM10) mældist hærri við Naustabryggju en við Grensásveg í 10 daga, en mælingartímabilið stóð yfir í 35 daga. Meðaltal vindátta frá Grensásvegi og Bústaðavegi þá daga sem styrkur svifryks (PM10) mældist hærri við Naustabryggju benda til þess að uppspretta svifryks (PM10) sé m.a. frá framkvæmdasvæði Björgunar, en meðal vindátt yfir sólarhringinn þá daga var á bilinu ca. 187 – 238 gráður, sem passar miðað við staðsetningu framkvæmdasvæðisins. Alla þá daga sem styrkurinn var hærri mældist vindur að meðaltali hærri en 2 m/s yfir daginn (sjá Viðauka III, töflu B).

Æskilegt er að mæla aftur við Naustabryggju aftur að sumarlagi, en þá er umferð flutningabíla mikil við Björgun vegna byggingaframkvæmda og að vetrarlagi til að athuga hvort styrkur svifryks (PM10) hækki yfir veturinn, þar sem gera má ráð fyrir að áhrif umferðar séu ekki mikil á þessu svæði. Einnig getur svifryk borist frá atvinnusvæðinu í Höfðahverfinu sem er nálægt íbúðabyggðinni. Hafa ber í huga að árið 2010 má svifryk (PM10) einungis fara 7 sinnum yfir sólarhringsheilsuverndarmörk (rg. 251/2002). Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar stefnir að því að rannsaka hversu mikið fallryk<sup>3</sup> fellur á jörð á þessu svæði. Í dag eru til reglur um það í dag hversu mikið fallryk má falla á jörð, en styrkur fallryks sem ekki er vatnsleysanlegt skal ekki vera yfir 10 g/m<sup>2</sup> miðað við mánaðarsöfnunartíma (sjá rg. 817 / 2002).

---

<sup>3</sup> Fallryk er ryk sem sest sjálfkrafa á rakt yfirborð (rg. 817 / 2002).





## Viðauki I

Yfirlit yfir helstu niðurstöður mælinga á tímabilinu 16. ágúst – 21. september 2007.

**Tafla A. Mælingar á Naustabryggju.** Niðurstöður mælinga í 17. ágúst – 21. september 2007.

Efni/mælieining	Meðaltal	Hæsta gildi á mælitímabilinu		Fjöldi gilda yfir heilsuverndarmörkum	
		24 klst	1 klst	24 klst	1 klst
Köfnunarefnis-díoxíð ( $\mu\text{g}/\text{m}^3$ )	7,9	16,3 6/9	51,2 27/8 kl: 23-00	0	0*
Svifryk PM10 ( $\mu\text{g}/\text{m}^3$ )	13,5	50,3 4/9	**	1	**

\* Ef miðað er við heilsuverndarmörkin  $110 \mu\text{g}/\text{m}^3$ . \*\*Heilsuverndarmörk ekki til eða á ekki við.

	Efnið hefur mælst yfir heilsuverndarmörkum
	Efnið hefur ekki mælst yfir heilsuverndarmörkum

**Tafla B. Grensásvegur.** Niðurstöður mælinga 17. ágúst – 21. september 2007.

Efni/mælieining	Meðaltal	Hæsta gildi á mælitímabilinu		Fjöldi gilda yfir heilsuverndarmörkum	
		24 klst	1 klst	24 klst	1 klst
Köfnunarefnis-díoxíð ( $\mu\text{g}/\text{m}^3$ )	17,3	29,8 20/9	61,7 27/8 kl: 08-09	0	0*
Svifryk PM10 ( $\mu\text{g}/\text{m}^3$ )	14,4	38,9 4/9	**	0	**

\* Ef miðað er við heilsuverndarmörkin  $110 \mu\text{g}/\text{m}^3$ . \*\*Heilsuverndarmörk ekki til eða á ekki við.

**Tafla C. Fjölskyldu- og húsdýragarður.** Niðurstöður mælinga 17. ágúst - 21. september 2007.

Efni/mælieining	Meðaltal	Hæsta gildi á mælitímabilinu		Fjöldi gilda yfir heilsuverndarmörkum	
		24 klst	1 klst	24 klst	1 klst
Köfnunarefnis-díoxíð ( $\mu\text{g}/\text{m}^3$ )	6,6***	9,7*** 17/8	21,4*** 18/8 kl: 08-09	0	0*
Svifryk PM10 ( $\mu\text{g}/\text{m}^3$ )	8,1	31,3 4/9	**	0	**

\* Ef miðað er við heilsuverndarmörkin  $110 \mu\text{g}/\text{m}^3$ . \*\*\*Heilsuverndarmörk ekki til eða á ekki við. Mælitæki sem mælir  $\text{NO}_2$  var bilað á tímabilinu 01.09.07-20.09.07.

## Viðauki II

Yfirlit yfir þau skipti sem farið er yfir heilsuverndarmörk, ásamt upplýsingum um uppruna mengunar, vindhraða, meðalvindátt og meðalúrkomu.

**Tafla A.** Þeir dagar sem svifryk (PM10) fór yfir heilsuverndarmörk á Naustabryggju, uppruni mengunar og lýsing á veðurfari, þ.e. vindátt, vindhraða og úrkomu (hlutfall úrkomu á sólarhring).

Dagsetning	Styrkur ( $\mu\text{g}/\text{m}^3$ )	Uppruni mengunar	Vindátt (gráður) 24 klst. Grensás / Veðurstofan	Vindhraði (m/s) 24 klst. Grensás / Veðurstofan	Úrkoma (%) 24 klst. Grensás
04.09.07	50,3	Uppþyrslað svifryk	226 / 224	5,7 / 8,4	5,1%

## Viðauki III

**Tafla A. Sólarhringsmeðaltöl fyrir NO<sub>2</sub>, vindhraða, vindátt og úrkomu**  
(veðurfarsupplýsingar bæði frá föstu mælistöðinni við Grensásveg og Bústaðavegi þar sem Veðurstofan rekur fasta mælistöð). Þeir dagar sem styrkur NO<sub>2</sub> mældist hærri á Naustabryggju en á Grensásvegi eru gráletraðir.

Dagsetning	Nr. mánuður	Grensás NO <sub>2</sub> µg/m <sup>3</sup>	Nausta-bryggja NO <sub>2</sub> µg/m <sup>3</sup>	Grensás Vindátt (gráður)	Grensás Vindhraði (m/s)	Grensás Úrkoma (%)	Bústaðav.* Vindhraði (m/s)
17.	8	29,6	14,1	223,5	1,6	0,0	1,8
18.	8	17,7	9,1	215,7	1,7	0,0	1,7
19.	8	8,7	8,1	198,7	2,8	9,9	3,0
20.	8	22,0	9,2	169,7	2,4	0,8	3,1
21.	8	11,1	6,5	185,6	3,0	37,9	3,9
22.	8	16,3	7,4	229,6	3,2	39,0	4,0
23.	8	19,5	11,5	206,3	3,4	10,8	4,8
24.	8	19,4	9,8	196,7	2,6	18,7	3,3
25.	8	8,6	3,0	298,6	3,8	11,9	4,2
26.	8	15,1	5,8	251,2	2,3	2,6	2,6
27.	8	29,8	13,4	227,3	1,7	0,0	1,8
28.	8	20,8	9,1	131,9	1,9	43,3	2,0
29.	8	26,6	13,5	263,2	1,9	53,6	2,3
30.	8	18,9	6,9	263,5	2,8	28,6	4,3
31.	8	21,1	10,9	233,3	2,5	40,8	3,6
1.	9	12,2	6,8	256,0	3,4	22,7	4,9
2.	9	13,0	4,5	170,4	2,0	1,9	2,0
3.	9	9,1	4,7	131,3	5,4	39,8	7,0
4.	9	11,7	5,5	226,2	5,7	5,1	8,4
5.	9	17,3	9,1	212,2	3,0	0,7	4,0
6.	9	23,6	16,3	238,4	3,0	37,7	2,7
7.	9	21,1	10,2	228,4	3,2	27,7	4,0
8.	9	12,9	4,9	209,3	3,1	34,5	3,8
9.	9	10,2	4,8	282,8	2,4	6,2	3,2
10.	9	13,2	6,2	190,1	4,0	22,5	6,4
11.	9	21,2	11,6	246,4	2,7	7,9	3,7
12.	9	11,9	4,8	178,1	5,6	61,1	5,4
13.	9	15,1	0,5	62,1	4,1	3,2	5,3
14.	9	15,4	3,8	109,4	3,0	0,0	3,3
15.	9	9,7	2,6	123,2	4,4	37,9	4,4
16.	9	12,7	2,6	182,7	3,0	0,0	4,5
17.	9	26,1	8,1	131,3	2,8	37,1	3,7
18.	9	20,4	11,7	222,4	3,1	8,3	4,1
19.	9	14,9	5,4	150,9	3,7	31,7	4,4
20.	9	27,8	13,2	138,3	1,8	20,8	2,4

\*Ekki til sólarhringsmeðaltal fyrir vindátt við Bústaðavegin.

**Tafla B. Sólarhringsmeðaltöl fyrir svifryk (PM10), vindhraða, vindátt og úrkomu** (veðurfarssupplýsingar bæði frá föstu mælistöðinni við Grensásveg og Bústaðavegi þar sem Veðurstofan rekur fasta mælistöð). Þeir dagar sem styrkur svifryk (PM10) mældist hærri við Naustabryggju en við Grensásveg eru gráletraðir.

Dagsetning	Nr. mánuður	Grensás Svifryk (PM10) $\mu\text{g}/\text{m}^3$	Nausta-bryggja Svifryk (PM10) $\mu\text{g}/\text{m}^3$	Grensás Vindátt (gráður)	Grensás Vindhraði (m/s)	Grensás Úrkoma (%)	Bústaðav. * Vindhraði (m/s)
17.	8	16,5	13,3	223,5	1,6	0,0	1,8
18.	8	11,2	6,0	215,7	1,7	0,0	1,7
19.	8	9,2	7,2	198,7	2,8	9,9	3,0
20.	8	16,5	15,6	169,7	2,4	0,8	3,1
21.	8	13,9	16,1	185,6	3,0	37,9	3,9
22.	8	10,9	10,6	229,6	3,2	39,0	4,0
23.	8	15,1	25,3	206,3	3,4	10,8	4,8
24.	8	14,6	15,7	196,7	2,6	18,7	3,3
25.	8	10,1	7,0	298,6	3,8	11,9	4,2
26.	8	15,5	11,0	251,2	2,3	2,6	2,6
27.	8	14,5	14,2	227,3	1,7	0,0	1,8
28.	8	12,6	7,2	131,9	1,9	43,3	2,0
29.	8	12,1	7,1	263,2	1,9	53,6	2,3
30.	8	10,8	20,7	263,5	2,8	28,6	4,3
31.	8	9,9	14,2	233,3	2,5	40,8	3,6
1.	9	11,8	7,2	256,0	3,4	22,7	4,9
2.	9	8,7	4,0	170,4	2,0	1,9	2,0
3.	9	6,5	4,3	131,3	5,4	39,8	7,0
4.	9	38,9	50,3	226,2	5,7	5,1	8,4
5.	9	34,0	44,7	212,2	3,0	0,7	4,0
6.	9	8,4	9,2	238,4	3,0	37,7	2,7
7.	9	15,8	19,3	228,4	3,2	27,7	4,0
8.	9	7,5	5,4	209,3	3,1	34,5	3,8
9.	9	9,1	5,5	282,8	2,4	6,2	3,2
10.	9	12,9	10,4	190,1	4,0	22,5	6,4
11.	9	15,6	13,6	246,4	2,7	7,9	3,7
12.	9	10,0	7,0	178,1	5,6	61,1	5,4
13.	9	16,5	9,8	62,1	4,1	3,2	5,3
14.	9	21,3	16,3	109,4	3,0	0,0	3,3
15.	9	9,0	7,7	123,2	4,4	37,9	4,4
16.	9	12,7	9,5	182,7	3,0	0,0	4,5
17.	9	17,4	5,1	131,3	2,8	37,1	3,7
18.	9	24,2	32,0	222,4	3,1	8,3	4,1
19.	9	16,2	12,3	150,9	3,7	31,7	4,4
20.	9	15,8	7,4	138,3	1,8	20,8	2,4

\*Ekki til sólarhringsmeðaltal fyrir vindátt við Bústaðavegin.

## Viðauki IV

Naustabryggja – svifryk (PM10). Niðurstöður mælinga þann 4. september á köfnunarefnisdíoxíð (NO<sub>2</sub>) og á svifryki (PM10) við Naustabryggju. Einnig er skoðaðar niðurstöður mælinga á vindátt frá Grensásvegi og frá Bústaðavegi.

